

Nd. 641. Frumvarp til laga [292. mál]

um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—1982.)

I. KAFLI

Um kirkjuþing þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Kirkjuþing þjóðkirkjunnar fjallar um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar að eigin frumkvæði og leysir úr þeim málum, sem til þingsins er vísað af hálfu biskups, kirkjuráðs, Alþingis og kirkjumálaráðherra.

Kirkjuþing skal halda ár hvert, að jafnaði í október, og starfa allt að 10 dögum.

Kirkjuþing og kirkjuráð vinna að því að efla íslenska kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar í þjóðlífinu.

2. gr.

Á kirkjuþingi eiga sæti 20 kjörnir þingfulltrúar. Eru 18 kjörnir í 8 kjördæmum, 1 kys guðfræðideild Háskóla Íslands og 1 guðfræðingar, er vinna í þágu þjóðkirkjunnar að sérstökum verkefnum. Enn fremur eiga sæti á kirkjuþingi biskup og kirkjumálaráðherra eða fulltrúi hans. Vígslubiskupar og kirkjuráðsmenn eiga rétt á fundarsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hafa þeir ekki, nema þeir séu jafnframt kjörnir þingfulltrúar.

3. gr.

Kjördæmi til kirkjuþingskosninga eru þessi:

1. Reykjavíkurborgardæmi.
2. Kjalarnessprófastsdæmi.
3. Borgarfjarðar-, Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.
4. Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.
5. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.
6. Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.
7. Múla- og Austfjarðarprófastsdæmi.
8. Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnesprófastsdæmi.

Í hverju þessara kjördæma skulu kosnir tveir kirkjuþingsmenn, prestur og leikmaður, þó svo að kjósa skal fjóra kirkjuþingsmenn, tvo presta og tvo leikmenn, í 1. kjördæmi, sbr. 4. og 5. gr.

4. gr.

1. Prófastar og prestar, sem ábyrgð hafa á prestakalli innan hvers kjördæmis, kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann fyrir kjördæmið og tvo varamenn, nema í 1. kjördæmi, þar sem kjósa skal tvo kirkjuþingsmenn og fjóra til vara.

2. Kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands, sem eru í föstum embættum eða störfum (prófessorar, dósentar, lektorar), enda séu þeir guðfræðikandidatar, kjósa einn kirkjuþingsmann úr sínum hópi og tvo til vara.

3. Guðfræðingar og prestar, sem eru fastráðnir til sérstakra verkefna innan þjóðkirkjunnar án þess að bera ábyrgð á prestakalli, svo og biskupsritari og rektor Skálholtsskóla, enda séu þeir guðfræðingar, kjósa einn kirkjuþingsmann úr sínum hópi og tvo til vara, eftir því sem nánar segir í reglugerð.

5. gr.

Sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar hvers kjördæmis kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann og tvo til vara, þó svo að í 1. kjördæmi skal kjósa tvo kirkjuþingsmenn og fjóra til vara.

6. gr.

Kjörstjórn skipa þrjú menn. Kirkjumálaráðherra tilnefnir formann og varaformann, og skulu þeir vera lögfræðingar. Biskup tilnefnir annan kjörstjórnarmann og varamann hans, en hinn þriðja kys kirkjuráð og varamann hans. Tilnefning er til fjögurra ára í senn, í fyrsta skipti til ársloka 1985, og skal fara fram þegar eftir gildistöku laga þessara.

7. gr.

Kosið skal til kirkjuþings á árinu 1982 og síðan á 4 ára fresti, sbr. 10. gr.

Kjörstjórn semur kjörskrá í byrjun þess árs, sem kjósa skal. Á hún að liggja frammi í 4 vikur á biskupsstofu eða öðrum stað eða stöðum, sem kjörstjórn ákveður, eftir því sem nánar segir í auglýsingu kjörstjórnar. Hún úrskurðar kærur út af kjörskrá og gengur endanlega frá henni.

8. gr.

1. Eigi síðar en 1. apríl ár það, sem kjósa skal, sendir kjörstjórn þeim, sem kosningarrett eiga, nauðsynleg kjörgögn: auðan kjörseðil, óáritað umslag, eyðublað fyrir yfirlýsingu kjósanda um það, að hann hafi kosið, og umslag með utanáskrift kjörstjórnar. Þá skal fylgja leiðbeining um það, hvernig kosning fari fram. Greina skal glögglega, fyrir hvaða tíma kjörseðill skuli hafa borist kjörstjórn.

2. Kjósandi utan 1. kjördæmis ritar nafn þess, sem hann vill kjósa aða'mann, svo og nöfn tveggja varamanna, á kjörseðilinn, setur hann í óáritaða umslagið, sbr. 1. málsg., og lokar því, útfyllir eyðublaðið og undirritar og leggur gögnin í áritaða umslagið og sendir kjörstjórn það í ábyrgðarpósti. Í 1. kjördæmi gildir hið sama, en þar kys kjósandi þó tvo aðalmenn og svo fjóra varamenn.

3. Kjörgögn til presta og leikmanna skulu vera sín með hvorum litnum. Kjörgögnum til leikmanna fylgi kjörskrá.

9. gr.

1. Kjörstjórn telur atkvæði að loknum skilafresti, sbr. 1. málsg. 8. gr., og úrskurðar þau.

2. Sá er kjörinn aðalmaður, sem flest fær atkvæði sem aðalmaður, og þeir tveir í 1. kjördæmi, sem flest fá atkvæði. Sá er kjörinn 1. varamaður, sem flest fær atkvæði sem varamaður að viðbættum þeim atkvæðum, sem hann hlaut sem aðalmaður, en sá 2. varamaður, sem næstflest fær atkvæði, talin með sama hætti, og gegnir hinu sama með 3. og 4. varamann í 1. kjördæmi. Hljóti tveir eða fleiri jöfn atkvæði, ræður hlutkesti, og gildir það einnig um röð varamanna, ef því er að skipta.

3. Kjörstjórn gefur út kjörbréf til þingfulltrúa, aðalmanna og varamanna, og skal röð varamanna greind sérstaklega.

10. gr.

Kjörtímabil hinna kjörnu þingfulltrúa er 4 ár.

Ef kirkjuþingsmaður andast á tímabilinu eða verður vanhæfur til þingsetu eða getur ekki sótt þing, taka varamenn þess kjördæmis við eftir röð.

11. gr.

Kærur út af kosningu til kirkjuþings skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en 4 vikum eftir að fresti lauk til að skila atkvæðum, sbr. 1. málsg. 8. gr. Leggur hún þær fyrir kirkjuþing til úrskurðar ásamt athugasemdum sínum.

12. gr.

Biskup er forseti kirkjuþings. Kirkjuþing kýs á fyrsta fundi sínum 1. og 2. varaforseta og tvo skrifara.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála, nema þingsköp kirkjuþings mæli annan veg. Í þingsköpum, er kirkjuþing setur sér, skal m. a. mælt fyrir um framlagningu, meðferð og afgreiðslu mála svo og um nefndarskipanir.

13. gr.

Kirkjuþing hefir ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um öll þau mál, er kirkju, klerkastétt og söfnuði landsins varða og heyra undir svið löggjafarvaldsins eða sæta úrskurði forseta Íslands.

Það hefir og rétt til að gera samþykktir um innri málefni kirkjunnar, guðsþjónustu, helgisíði, skírn, fermingar, veitingu sakramenta og önnur slík. Þær samþykktir eru þó eigi bindandi, fyrr en þær hafa hlotið samþykki prestastefnu og biskups.

14. gr.

Kirkjuþingsmenn fá greidda úr ríkissjóði dagpeninga og ferðakostnað. Kýs kirkjuþing þingfararkausnefnd, sem endurskoðar reikninga kirkjuþingsmanna, en kirkjumálaráðherra úrskurðar þá og ákveður upphæð dagpeninga.

II. KAFLI

Um kirkjurád þjóðkirkjunnar.

15. gr.

Kirkjurád þjóðkirkjunnar er skipað fimm mönnum, biskupi, sem er forseti þess, og fjórum mönnum, tveimur guðfræðingum og tveimur leikmönnum, sem kirkjuþing kýs, og skulu varamenn kosnir með sama hætti. Kosid skal í kirkjurád á fyrsta kirkjuþingi, að aflokinni kosningu. Eru kirkjuráðsmenn kjörnir til loka kjörtímabils kirkjuþingsmanna.

Kirkjurád kýs sér varaforseta, en biskupsritari, er ritari kirkjuráðs.

16. gr.

1. Kirkjuráð fer með framkvæmd sameiginlegra málefna þjóðkirkjunnar, þ. á m. verkefna, sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því, og erinda, sem vísað er til þess af hálfu kirkjuþings, biskups, Alþingis, kirkjumálaráðherra, héraðsfunda sóknarnefnda eða starfsmanna sókna eða þjóðkirkjunnar.

2. Biskup undirbýr ásamt kirkjuráði fundi kirkjuþings og fylgir eftir samþykktum þess. Kirkjuráð getur átt frumkvæði að samningu lagafrumvarpa og stjórnvaldsreglna um málefni þjóðkirkjunnar. Kirkjumálaráðherra leitar umsagnar og tillagna þess um lagafrumvörp um þessi efni, er hann hyggst flytja á Alþingi, svo og um drög að stjórnvaldsreglum um kirkjumál, er hann hyggst setja.

3. Kirkjuráð undirbýr af hálfu þjóðkirkjunnar tillögur til fjárveitinga til kirkjunnar á fjárlögum og leitar af því efni tillagna frá kirkjuþingi og aðiljum, sem fjalla um fjármál kirkjunnar.

4. Kirkjuráð hefir á hendi umsjá og stjórn kristnisjóðs, sbr. 23. gr. laga nr. 35/1970, og ráðstafar öðru því fé, sem veitt er af opinberri hálfu til kirkjulegrar starfsemi. Kirkjuráð hefir forræði og forsjá um Skálhóltsstað, svo sem greinir í lögum nr. 32/1963, og hefir þau afskipti af málefnum Skálholtsskóla, er greinir í lögum nr. 31/1977.

17. gr.

Biskup kveður kirkjuráð til fundar, þegar þurfa þykir, og jafnan, þegar tveir kirkjuráðsmenn óska þess. Hann undirbýr fundi ráðsins.

Kirkjumálaráðuneytið úrskurðar reikninga kirkjuráðs, sem greiddir eru úr ríkissjóði, þ. á m. framlagðan kostnað og dagpeninga.

III. KAFLI

Gildistaka, stjórnvaldsreglur og brottfallin lög.

18. gr.

Kirkjumálaráðherra getur, að fengnum tillögum biskups, kirkjuþings og kirkjuráðs, sett reglugerð um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 43/1957, sbr. lög nr. 109/1970 um breytingu á þeim.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1982 semur kjörstjórn, þegar eftir að hún hefir verið skipuð, kjörskrá, sbr. 7. gr., og sendir þeim, sem greinir í 8. gr., kjörgögn svo fljótt sem auðið er. Að því skal stefnt, að kosningarúrlit liggi fyrir eigi síðar en 15. ágúst 1982. Frumreglugerð um kosningarrétt til kirkjuþings 1982 getur kirkjumálaráðherra sett að fengnum tillögum biskups og kirkjuráðs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta samdi kirkjulaganefnd. Í henni eiga sæti: Dr. Sigurbjörn Einarsson biskup, dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari og Baldur Möller ráðuneytisstjóri, en Pétur Sigurgeirsson biskup hefir nú tekið sæti dr. Sigurbjörns í nefndinni. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi:

Greinargerð.

Frumvarp þetta fjallar um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð var stofnað samkvæmt lögum nr. 21/1931 að tillögu kirkjumálanefndar þeirrar, sem skipuð var 1929. Hefir kirkjuráð nú starfað um hálfra aldar skeið. Til kirkjuþings var stofnað með lögum nr. 43/1957. Hugmyndin um kirkjuþing er þó eldri, sbr. frumvarp séra Þórarins Böðvarssonar á Alþingi 1893. Kirkjumálanefndin, er starfaði 1904—1906, bar þessa hugmynd einnig fram, þótt frv. nefndarinnar yrði ekki flutt á Alþingi. Prófessor Magnús Jónsson flutti frv. til laga um kirkjuþing 1941. Það náði að vísu ekki fram að ganga (féll með jöfnum atkvæðum), en frumvarpi til laga 43/1957 um kirkjuþing og kirkjuráð svipaði mjög til frv. hans, að því er kirkjuþing varðar. Hefir kirkjuþing nú starfað nálega aldarfjórðung.

Þessar tvær stofnanir þjóðkirkjunnar hafa leyst af hendi mikilvæg störf, sem horft hafa til heilla fyrir kirkjuna. Býr kirkjuþing enn við fyrstu lögin, lítið breytt, sem um það voru sett. Lögin um kirkjuráð frá 1931 voru endurskoðuð í tengslum við frv. til laga um kirkjuþing. Voru ákvæðin um kirkjuráð felld inn í kirkjuþingslögin og komu þau í stað laga nr. 21/1931.

Endurskoðun sú, sem nú hefir farið fram á lögum nr. 43/1957, eins og þeim var síðar breytt með lögum nr. 109/1970, er reist á afstöðu kirkjuþings, eins og hún lýsir sér í frv. um breytingar á lögum þessum, er samþykkt var 1976, og í ályktunum þess í nóvember 1980 um tímabærar breytingar á lögnum. Kirkjuráð hefir einnig fjallað um frumvarpið og samþykkt það. Þess skal og getið, að starfsháttanefnd Þjóðkirkjunnar vann mikið verk við athugun m. a. á kirkjulöggjöf og samdi drög að frumvörpum, þ. á m. varðandi kirkjuþing og kirkjuráð. Í nefndinni áttu sæti sr. Halldór Gunnarsson, sr. Jón Bjarman, sr. Jón Einarsson, sr. Jónas Gíslason og sr. Þórhallur Höskuldsson.

I.

Breytingar, sem felast í frv., stefna að þessum atriðum:

1. Lagt er til, að kjörnum kirkjuþingsmönnum verði fjölgað um fimm. Bætt verði við tveimur í Reykjavíkurfófastsdæmi (1. kjördæmi) og myndað verði nýtt kjördæmi, Kjalarnesprófastsdæmi, og verði þá 2. kjördæmi skipt í tvö kjördæmi, þ. e. Kjalarnesprófastsdæmi, er verður 2. kjördæmi og Borgarfjarðar-, Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi, er verður 3. kjördæmi. Enn fremur er lagt til, að guðfræðikandidatar og prestar sem gegna föstum störfum í þágu þjóðkirkjunnar án þess að bera ábyrgð á prestakalli kjósi úr sínum hópi einn aðalmann og tvo varamenn til setu á kirkjuþingi. Verður þessi hópur þá kjördeild með sama hætti og guðfræðideild að sínu leyti.

Breyting sú á kjördæmum, sem hér var reifuð, styðst við augljós rök. Reykjavíkurfófastsdæmi er langfjölmennasta prófastsdæmi landsins með rösklega tvisvar og hálfum sinnum fleiri íbúa en næst stærsta prófastsdæmið, Kjalarnesprófastsdæmi, en það er aftur nálega tvisvar sinnum mannfleira en þriðja stærsta prófastsdæmið, Eyjafjarðarprófastsdæmi. Hefir lengi verið ljóst, að fulltrúatala úr Reykjavíkurfófastsdæmi hefir verið of lág og að nauðsyn bæri til þess að Kjalarnesprófastsdæmi yrði sjálfstætt kjördæmi við þingkosningar. Hefir náðst samstaða á kirkjuþingi um þá tilhögun þessara mála, sem greinir í frv.

Lagt er til að kjörtímabil verði 4 ár, en ekki 5 ár, eins og nú er.

2. Í 2. gr. frv. er lagt til, að vígslubiskupar eigi rétt til fundarsetu á kirkjuþingi. Með því nýtist starfsreynsla þeirra í þágu kirkjuþings.

3. Lagt er til í 1. gr. frv., að kirkjuþing komi saman ár hvert, en ekki annað hvert ár eins og verið hefir. Starfstími verði allt að 10 dögum, en ekki allt að hálfum mánuði, eins og nú er. Ýmis vandkvæði eru því samfara, að þingið starfi aðeins annað hvert ár. T. d. er þá ógerlegt að leita umsagnar þingsins um ýmis mál, sem upp kunna að koma milli þinga, og þingið getur ekki markað stefnu í málefnum þjóðkirkjunnar með jafn skilvirkum hætti og þörf er á — og

fylgt henni eftir. Eðlilegt er, að kirkjuþing móti í megindráttum stefnu í tillögugerð um fjárveitingar til þjóðkirkjunnar, en þessa er ekki kostur, miðað við þann starfsgrundvöll, sem nú er lögmæltur. Yfirleitt er það almenn regla, að fulltrúasamkomur haldi fundi a. m. k. einu sinni á ári, og reynslan sýnir, að þessa er þörf, ef slík þing eiga að geta valdið hlutverki sínu til hlítar. Athyglisvert er, að í frv. séra Þórarins Böðvarssonar frá 1893 er gert ráð fyrir, að kirkjuþing komi saman ár hvert.

4. Til viðbótar þessu felast svo í frv. smærri breytingar, þ. á m. um ýmislegt, er varðar kosningu til kirkjuþings. Verður vikið að þeim í athugasemdum við einstakar greinar frv.

II.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frv.

Um I. kafla

Í þeim kafla eru ákvæðin um kirkjuþing þjóðkirkjunnar, og er þeim ætlað að koma í stað 1.—14. gr. laga nr. 43/1957.

Um 1. gr.

Rétt þykir að hefja frv. á almennu ákvæði um, að kirkjuþing fjalli um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar. Ekki er hér haggð við stjórnun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á kirkjumálum. Ákvæðið raskar ekki heldur að sínu leyti valdsviði biskups. Í ákvæðinu felst, að kirkjuþing sé æðsta fulltrúastofnun þjóðkirkjunnar — æðsta stofnunin í lýðræðislegri uppbyggingu þjóðkirkjunnar.

Í 2. málgr. er lagt til, að kirkjuþing komi saman ár hvert, og vísast um rökstuðning til almennu athugasemdanna hér að framan. Starfstíminn verður allt að 10 dögum, en er nú allt að hálfum mánuði.

Í 3. málgr. er tekið upp ákvæði 1. málgr. 16. gr. laga 43/1957, og þykir eðlilegt, að það taki bæði til kirkjuþings og kirkjuráðs.

Um 2. gr.

Hér er lagt til, að kjörnum kirkjuþingsmönnum sé fjölgað um fimm, úr fimmtán í tuttugu. Er lagt til, að í Reykjavíkúrprófastsdæmi verði kjörnir fjórir þingfulltrúar, í stað tveggja nú, sbr. og lög 96/1980 um biskupskosningu, og að sérstakt kjördæmi, Kjalarness-prófastsdæmi, verði myndað, er kjósi tvo þingmenn. Vísast um það til almennu athugasemdanna hér að framan. Kirkjumálaráðherra og biskup eiga sæti á kirkjuþingi samkvæmt embættisstöðu sinni, svo sem verið hefir, en að auki eiga vígslubiskupar rétt á fundarsetu. Tekið er fram í greininni, að kirkjuráðsmenn eigi rétt til setu á kirkjuþingi og hafi þar málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hafa þeir eigi, nema þeir séu jafnframt kjörnir þingfulltrúar, sbr. 16. gr. laga nr. 43/1957. Hefir það komið fyrir, að kirkjuráðsmaður sé eigi úr hópi þingfulltrúa.

Um 3. gr.

Um kjördæmaskiptinguna og nýmæli í sambandi við hana vísast til athugasemdanna að framan, svo og um töluröð kjördæma. Um fjölda þingfulltrúa í hverju kjördæmi er og áður rétt.

Um 4. gr.

Í 2. málgr. er lagt til, að kjörnir verði tveir varamenn þess þingfulltrúa, sem guðfræðideild kys. í stað eins nú.

Í 3. málgr. er það nýmæli, að guðfræðingar og prestar, sem eru fastráðnir til starfa að sérstökum verkefnum í þágu þjóðkirkjunnar, svo og biskupsritari og rektor Skálholtsskóla, kjósi úr sínum hópi einn þingfulltrúa og tvo varamenn. Þessir menn bera ekki ábyrgð á prestakalli, og njóta því ekki kosningarréttar samkvæmt hinum almennu ákvæðum frv. um

kosningarrétt guðfræðinga. Samkv. 2. gr. 1. tl. laga nr. 96/1980 var guðfræðingum, er vinna að sérstökum verkefnum í þágu þjóðkirkjunnar veittur kosningarréttur til biskupskosninga. Þessir menn eru auk þeirra tveggja, sem sérstaklega eru greindir í 3. málsg.: æskulýðsfulltrúi og fréttafulltrúi þjóðkirkjunnar, sbr. 7. gr. laga nr. 35/1970, fangaprestur, prestur með aðsetri í Kaupmannahöfn, sbr. 9. gr. laganna, svo og prestar, er gegna störfum í þágu heymarskertra og áfengissjúkra. Er eðlilegt, að þeir fái sérstakan þingfulltrúa á kirkjuþingi og að því ætti að vera styrkur fyrir kirkjuþingið. Biskupsritari og rektor Skálholtsskóla njóta ekki atkvæðisréttar, nema þeir séu guðfræðingar, sbr. og 2. gr. 1. tl. laga nr. 96/1980.

Um 5. gr.

Hún felur aðeins í sér breytingu að því er varðar kosningu í Reykjavíkúrprófastsdæmi, sbr. 2. gr.

Um 6. gr.

Hér er sú breyting frá því, er greinir í 6. gr. laga nr. 43/1957, að kveðið er svo á, að varamenn séu tilnefndir fyrir kjörstjórnarmenn.

Um 7.—8. gr.

Hér er sú breyting lögð til, að kjörstjórn semji kjörskrá er liggja frammi í fjórar vikur. Úrskurðar kjörstjórn síðan kærur og gengur endanlega frá kjörskrá. Kjörstjórn setur þeim, er kosningarrétt eiga, skilafrest um sendingu kjörseðla, og verða þeir kjörseðlar, sem síðar berast, eigi taldir með. Annars er kjörtilhögunin hin sama í meginráttum sem nú, sbr. 7. gr. laga nr. 43/1957, sbr. og lög nr. 96/1980, en talning fer fram að loknum skilafresti.

Um 9. gr.

Í 1. málsg. er boðið að atkvæði skuli talin þegar að loknum skilafresti, og úrskurðar kjörstjórn þau, en í 11. gr. er mælt fyrir um kærur út af kosningunni.

Í 2. málsg. felst nokkur breyting á ákvæðum 9. gr. laga nr. 43/1957, sbr. lög nr. 109/1970, 2. gr. Er hér lagt til, að sá sé kjörinn 1. varamaður, sem flest fær atkvæði sem aðalmaður og varamaður, og 2. varamaður með hliðstæðum hætti, sá, sem hlotið hefir næst flest atkvæði sem aðalmaður og varamaður o. s. frv. að því er varðar Reykjavíkúrprófastsdæmi. Hlutkesti ræður milli þeirra, sem fá jöfn atkvæði. Sá, er eigi telst kosinn aðalmaður, þegar hlutkesti ræður, verður ekki sjálfkrafa 1. varamaður, heldur veltur það á atkvæðamagni sem hann hefir hlotið, samanborið við aðra, og gegnir þessu þá einnig um önnur varamannssæti. Með þeirri kosningatilhögun, sem hér er brotið upp á og kirkjuráð hefir samþykkt, er þess vænst, að gleggri úrslit fái en samkv. gildandi reglum.

Um 10. gr.

Hún er að mestu í samræmi við 10. gr. laga nr. 43/1957. Tekið skal fram, að þótt prestur, sem kjörinn hefir verið kirkjuþingsmaður, taki við prestsembætti í öðru kjördæmi, á hann allt að einu setu á kirkjuþingi út kjörtímabilið. Sama er um leikmann, sem flytur úr kjördæmi. Hinu sama gegnir enn fremur, þótt prestur láti af embætti. Ef kirkjuþingsmaður gengur úr þjóðkirkjunni, getur hann ekki setið á kirkjuþingi eftir það.

Um 11. gr.

Hér er mælt fyrir um kærufrest vegna kosningar til kirkjuþings með öðrum hætti en er samkv. 11. gr. laga nr. 43/1957. Kjörstjórn telur atkvæði þegar eftir lok skilafrests, svo sem áður segir. Kjörstjórn úrskurðar ekki kærur út af lögmæti kosningar, en sendir kærur til kirkjuþings og lætur fylgja með athugasemdir sínar. Kirkjuþing úrskurðar síðan kærurnar til fullnaðar.

Um 12. gr.

Hér er því bætt við 12. gr. laga nr. 43/1957, að afl atkvæða ráði úrslitum mála, nema þingsköp segi annað. Er hægt að áskilja í þeim, að mál nái ekki fram að ganga, nema það hafi hlotið aukinn meirihluta atkvæða. Hér er gert ráð fyrir, að kirkjuþing setji sér þingsköp.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta er nálega óbreytt 14. gr. laga nr. 43/1957. Hér er þó kirkjuráð fellt niður úr lagatextanum, enda þykir ekki rétt, að samþykktir kirkjuþings, um innri málefni kirkjunnar, séu háðar staðfestingu þess.

Um 14. gr.

Hún er að mestu í samræmi við 13. gr. laga nr. 43/1957.

Um II. kafla

Í þessum kafla eru ákvæði um kirkjuráð, og eiga þau að koma í stað 15.—17. gr. laga nr. 43/1957.

Um 15. gr.

Hún er sama efnis og 15. gr. laga nr. 43/1957, en þó er hér lagt til, að kirkjuþing kjósi tvo guðfræðinga og tvo leikmenn, en orðalag er annað í tilvitnuðu lagaákvæði.

Um 16. gr.

Um verkefni kirkjuráðs er ákvæði í 1. gr. 3. málsg. Hér eru sérgreind verkefni kirkjuráðs og hversu þau beri að. Er ákvæðið nokkru rækilegra en 16. gr. laga nr. 43/1957, en að mestu í samræmi við lagaframkvæmd. Í 4. málsg. er tilvísun til nokkurra lagaákvæða, sem greina tiltekin verkefni kirkjuráðs.

Tekið skal fram, að venjur hafa myndast um það, hvaða málefni kirkjumálaráðherra beri undir kirkjuráð, og raskar þessi grein því í engu.

Um 17. gr.

Hún er að mestu í samræmi við 17. gr. laga nr. 43/1957.

Um III. kafla

Í þessum kafla eru ákvæði um stjórnvaldsreglur, gildistöku og brottfallin lög. Að því er varðar reglugerð má t. d. á það benda, að réttmætt getur verið að setja fyllri reglur um kosningu til kirkjuþings í reglugerð. Um framkvæmd laganna og gildistöku skal bent á, að í 7. gr. segir, að næst skuli kosið til kirkjuþings á árinu 1982 og þá samkv. þeim reglum, sem í felast, ef að lögum verða. Umboð núverandi kirkjuþingsmanna helst því uns sú kosning hefir farið fram. Sama er um kirkjuráð. Gert er ráð fyrir því í frv., að nýkjörið kirkjuþing kjósi nýtt kirkjuráð, þ. e. á árinu 1982, og helst umboð þeirra, sem nú sitja í kirkjuráði, uns sú kosning hefir átt sér stað.

Um ákvæði til bráðabirgða

Það er bundið við kosningu til kirkjuþings á árinu 1982, og samkv. eðli máls er þörf á sérákvæðum um hana, sbr. t. d. um það, hvenær kjörskrá verði samin.